

## REGLUGERÐ

### um bann við veiðum með línu og fiskibotnvörpu á Rífsbanka.

#### 1. gr.

Frá og með 17. janúar 2002 eru allar veiðar með línu og fiskibotnvörpu óheimilar á Rífsbanka, á svæði sem markast af línum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta.

- |                            |                            |
|----------------------------|----------------------------|
| 1. 67° 08'0 N – 15° 56'0 V | 5. 67° 06'0 N – 14° 56'0 V |
| 2. 67° 14'5 N – 15° 28'0 V | 6. 67° 06'0 N – 15° 29'0 V |
| 3. 67° 14'7 N – 15° 05'5 V | 7. 66° 54'0 N – 15° 31'0 V |
| 4. 67° 12'3 N – 14° 54'0 V | 8. 66° 54'0 N – 15° 45'0 V |

#### 2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 822, 1. nóvember 2001, um bann við veiðum með fiskibotnvörpu á Rífsbanka.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 14. janúar 2002.*

**Árni M. Mathiesen.**

\_\_\_\_\_  
*Þórður Eyþórsson.*